

**572. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38, 21.
apríl 2021
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Guðni Ólafsson (GÓ), Björgvin Smári Haraldsson (BSH), Lilja Magnúsdóttir (LM), Nancy Rut Helgadóttir (NRH) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, Sveitarstjóri

AUKAFUNDUR

Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir boðaði forföll og sat Nancy Rut Helgadóttir fundinn í hennar stað.

Oddviti býður fundarfólk velkomið og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir fund 572 lögmætan.

Dagskrá:

1. Endurskoðun og ársreikningar 2020 - 2102631

Ársreikningar ársins 2020 voru lagðir fram á fundinum til fyrri umræðu. Haraldur Reynisson og Helena Rós Sigurðardóttir frá KPMG voru gestir á fundinum og fylgdu reikningunum eftir.

Samþykkt samhljóða að vísa ársreikningi 2020 til síðari umræðu í sveitarstjórn.

2. Lántaka 2021 - 2102590

Lögð verður fram tillaga að lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga vegna fjárfestingar ársins 2021 samkvæmt samþykktri fjárfestingaráætlun.

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps samþykkir hér með á sveitarstjórnarfundum að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð allt að kr. 77.000.000.-, með lokagjalddaga þann 5. október 2034, í samræmi við samþykta lánsúmsókn.

Sveitarstjórnin samþykkir að til tryggingar láninu (höfuðstól auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar), standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Er lánið tekið til fjármögnunar á framkvæmdum ársins sem felur í sér að vera verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Ólafi Þór Ólafssyni, sveitarstjóra, kt. 300572-5379, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Tálknafjarðarhrepps að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

3. Sorp útboð sorphirðu 2021 - 2104016

Drög að útboðs- og verklýsingu vegna sorphirðu og förgunar hjá Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi.

Drög að útboðs- og verklýsingu vegna sorphirðu lögð fram.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra ásamt starfshópi um sorphirðu að ganga frá lýsingunni fyrir hönd Tálknafjarðarhrepps.

4. Styrktarsjóður EBÍ 2021 Brunabótafélag Íslands - 2104003

Bréf frá Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélag Íslands dags. 26.03.2021 þar sem sveitarfélaginu er boðið að senda umsókn í Styrktarsjóð EBÍ um verkefni sem fellur undir reglur sjóðsins.

Sveitarstjóra er falið að kanna möguleika Tálknafjarðarhrepps til að sækja um í Styrktarsjóð EBÍ vegna verkefna sem fyrirhuguð eru.

5. Hólsá virkjun Hólsár - 2102649

Verksamningur Tálknafjarðarhrepps og Verkís dags. 20.04.2021 vegna frumathugunar vegna virkjunar Hólsár á Tálknafirði lagður fram. Mál frá 569. fundi sveitarstjórnar sem fór fram 18.02.2021.

Lagt fram.

6. Strandsvæðisskipulag - 2103057

Erindi frá Skipulagsstofnun dags. 19.04.2021 þar sem greint er frá því að stofnunin hafi gefið út forsendu- og samráðsskýrslur vegna við gerð strandsvæðaskipulags á Vestfjörðum.

Lagt fram.

7. Fjármál varðandi fjármál sveitarfélaga í kjölfar Covid-19 - 2104052

Bréf frá samgöngu- og sveitarstjórnaráðherra dags. 13.04.2021 þar sem lögð er áhersla á að sveitarfélög skili greinargóðum upplýsingum vegna stöðu fjármála í tegnslum við mat á fjárhagsstöðu sveitarfélaga í vegna þeirra óvæntu en tímabundnu aðstæðna sem þau og samfélagið allt ganga í gegnum. Jafnramt er lagt fram erindi frá Samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneytinu dags. 20.04.2021 sama efnis.

Lagt fram.

8. Til umsagnar tillaga til þingsályktunar um endurskoðaða landsskipulagsstefnu 2015-2026, 705. mál. - 2104068

Erindi frá nefndasviði Alþingis dags. 16.04.2021 þar sem þingsályktunartillaga um endurskoðaða landsskipulagsstefnu 2015-2026, 705. mál, er send til umsagnar frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis.

Lagt fram.

**Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi.
Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:45.**

Bjarnveig Guðbrandsdóttir
(BG)

Guðni Ólafsson (GÓ)

Björgvin Smári Haraldsson
(BSH)

Lilja Magnúsdóttir (LM)

Nancy Rut Helgadóttir (NRH)
